

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi, en heimilt er að endurgreiða iðnrekendum tollmismun af eignum þessum, sem tollafgreidd hafa verið eftir 1. marz 1970. Tollstjórar hver í sínu umdæmi annast endurgreiðsluna.

Fjármálaráðuneytið, 24. september 1970.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 58 31. marz 1970, um lækkun aðflutningsgjalda af ýmsum vörum.

Með auglýsingu þessari er afturkölluð breyting framangreindrar auglýsingar frá 31. marz 1970, að því er varðar sjúkrasokkabuxur úr Lycraefni, sem teljast til nr. 60. 04. 04, þannig að frá og með 10. október 1970 verða tollar af vöru þessari eins og segir í tollskrá.

Fjármálaráðuneytið, 25. september 1970.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 9.35 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 4.70 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 26.00 á hvern fermetra gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 13.00 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á kr. 210 hverja kwst., auk fastagjalds kr. 22.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi og geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm., skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun og fleira.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.70 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 2677.00 á hvert uppsett kw.
2. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kw.:
 - a. Um kwst.mæli á kr. 0.78 hverja kwst., auk fastagjalds kr. 2677.00 á kw.
Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung.
 - b. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:
Um kwst.mæli á kr. 0.78 hverja kwst., auk fastagjalds kr. 2532.00 á hvert kw. í málraun uppsettra véla á árinu.
Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundum á dag samkvæmt þessum gjaldskrárlið (C. 2) klukkan 11.30—12.00 og 17.30—19.00.
3. Um afl- og orkumæli:
 - a. Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 2677.00 á kw. á ári.
 - b. Af allri notkun kr. 0.85 á kwst.
 - c. Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 26.00 á hvern fermetra í vinnusölum, kaffistofum, skrifstofum og öðrum slíkum stöðum, en kr. 12.00 á hvern fermetra í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 21.00 á hvern fermetra.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli án rofs kr. 2.25 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0.65 hverja kwst.
3. Um kwst.mæli á kr. 0.30 hverja kwst. með rofi frá kl. 8 til 23.

E. Gatna- og hafnarlýsing.

Um kwst.mæli á kr. 4.25 hverja kwst. til gatna- og hafnarlýsingar, svo og til vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 60 Amp. og minni	kr. 7.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 Amp. og minni	— 15.00 — —
3. Af þrífasa mælum 50 til 100 Amp.	— 20.00 — —
4. Af þrífasa mælum yfir 100 Amp.	— 51.00 — —
5. Af mestaafismælum 100 Amp. og minni	— 44.00 — —
6. Af mestaafismælum yfir 100 Amp.	— 83.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd hafa verið í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðist við aflþörf notanda, geri notandi grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það.

Heimtaugargjald ákvarðist þannig:

	Málstraumur stofnvara Amp.	Hámarksafli Kva.	Heimtaugargjald Kr.
1.	3 × 60	22	13 248.00
2.	3 × 100	38	19 872.00
3.	3 × 200	75 sp.	35 190.00
4.	3 × 350	132 sp.	58 788.00

Ofangreint gjald er miðað við 25 metra langan jarðstreng, eða 60 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er greiddast samkvæmt kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóð-armörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 Amp. einfasa	kr. 1 586.00
Fyrir 60 Amp. þrífasa	— 1 904.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandinn greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Heimtaug verður ekki, lögð meðan frost er í jörð, eða óveður háí útivinnu. Sé um óskípulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi, skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 138.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 103.00 til enduropnunar til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDASKRÁRBREYTINGA

Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur. Hækki kaupverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 40% af hækkuninni.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni.

Gjaldskrá þessi staðfestist samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur nr. 76 8. marz 1968 og síðari breytingar á henni.

Íðnaðarráðuneytið, 7. október 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Þingeyrarkauptúni.

1. gr.

Bannað er hundahald í Þingeyrarkauptúni nema með leyfi hreppsnefndar.

2. gr.

Hreppsnefndin getur veitt leyfi til hundahalds, ef ástæða þykir til og sérstökum skilyrðum er fullnægt, en aldrei mega hundar vera úti að næfurlagi, er truflað geti svefn manna og raskað næturró.

3. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 5 000.00 krónum.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Þingeyrarhrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. október 1970.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Fóðurverðlaunasjóð Miðdalahrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. október 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fóðurverðlaunasjóð Miðdalahrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fóðurverðlaunasjóður Miðdalahrepps.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur —, er gjöf til Miðdalahrepps, Dalasýslu, frá Jóni Sumarliðasyni, fyrrv. bónda og hreppstjóra, frá Breiðabólstað í Miðdölum í tilefni af 70 ára afmæli hans hinn 13. september 1959. Fé þetta er nú geymt í sparissjóðsbók við Búnaðarbanka Íslands.